

LJÓÐAFLÓÐ!

LJÓÐSAMKEPPNI GRUNNSKÓLANEMA 2023

Ljóð sem voru á meðal þeirra bestu á unglingsstigi:

Jólakýrrið

Þegar þveggjar dagsljósið
tekur kyrrlát nóttin við.
Kyngrir niður hvítri mjöll
yfir hæðir, holt og fjöll.
Komin eru heilög jól
þau veita okkur hlýju, birtu og skjól.

Veröldin er hulin snæ
kertaljós á hverjum bæ.
Legg við hlustir, heyra má
englasönginn ofan frá.
Kuldaboli bítur kinn,
lýsa upp rökkrið norðurljósinn.

Inni börnin bíða og þrá
jólagaðir að sjá.
Á borðum allskyns ljúfmeti,
möndlugrautur og bakkelsi.
Inni stofu er bjart og hlýtt
þar jólatréð stendur ljósum prýtt.

Allt er þögult, allt er hljótt,
í garð er gengin jólanótt.
Rétt' mér hönd þína kæri vin,
sjá stjörnum skryddan himininn.
Treystum okkar vinabönd
með yl í hjarta, hönd í hönd.

Steinunn Sóllilja Dagsdóttir, 10. bekk Dalvíkurskóla.

Mig þyrstir í efnahvarf

Jörðin er blá sítróna,
syndir um í kolsýrðu vatni.
Án vitsmunalífs, hoppa ég út í.
Sit undir stjörnunum og velti fyrir mér,
ef Miklihvellur ætti sér stað í ávala glasinu,
myndi ég fá höfuðverk?
Í leigubílnum á leiðinni heim skála ég við græna kvikindið í framsætinu.

Hekla Dís O'Shea, 10. bekk Árbæjarskóla

Hrókur alls fagnaðar

Hann læðist í kringum mig, tiplar á tánnum.
Strýkur varinnar og hvíslar öllu því óþægilega sem vitað er um mig.
Honum finnst ég vera veikburða, aum.
Við kynntumst á Blásteini fyrir mörgum öldum, ég ölvuð af ást undir áhrifum hans.
Heilinn grautur gerður úr minnisleysi örlagaríka kvöldsins.
Skuggi hans lét mig ekki í friði árin á eftir.
Hann er dauðadæmd minning, eftirsjáanlegur atburður og lamandi tilfinning.
Svört mygla í vínrauða hjarta mínu, sannleikurinn.

Hekla Dís O'Shea, 10. bekk Árbæjarskóla

Ljóð

sit undir bláregni og blómum
bundin við börk sem mosi grær á.
árórur og dansandi vindur.
ég hef ekki hreyft mig í heilt ár.

vafin í vínvið þakin hagþyrni.
vinka að þyrllu en engin mig sér.
stari' upp á himininn þakin stirni.
öll ljóðskáldin dóu hér.

Jónas Tryggvi Haraldsson, 9. bekk Hlíðaskóla

Tilgangur

Ég vakna klukkan sjö
á hverjum degi
og hugsa mig um tilgang lífs míns.
Hver dagur er eins.
Ég vakna, fer í skólann, fer heim og sef.
Alltaf það sama.
Hver dagur fer frá mér eins og eldflaug á leið í loft.
Hver er tilgangur minn?

Ylva Björg J. Sigurdsson, 9. bekk Hlíðaskóla

Frosin

Ég fer í göngutúr
það snjóar
það er frost og kuldi
Kuldinn grípur mig eins og fast högg
Varir mínar verða fjólubláar
og fingur mínir bláir
Ég missi tilfinningu í öllum limum
Ég er frosin

Ylva Björg J. Sigurdsson, 9. bekk Hlíðaskóla

Fjöður

Ég finn að ég þurfi að passa þig
Þú ert eins og fjöður í heimi fullum af gleri
Ef þú dettur kem ég og rís þig upp
Ef þú missir takið gríp ég þig
Þú ert fjöðrin mín

Ylva Björg J. Sigurdsson, 9. bekk Hlíðaskóla

Sumar

Sólin skín bjart
og ég hugsa margt
Sumarið er komið
Blómin fá meiri lit
og flugurnar gefa bit
Sumarið er komið

Milena Lilja Piech, 9. bekk Hlíðaskóla

Ljóð

Ég elska sólina, ég elska sumarið.
Ég geri svo margt því það er svo bjart.
Sumarið er best, en það sem ég elska mest
er að ég fæ að hitta þig.

Gabriela Björk Piech, 9. bekk Hlíðaskóla

Tímapressa

Hér sit ég að gera ljóð
Úr mér kemur áhyggjufullt hljóð
Ætli ég sé að renna út á tíma
Núna þarf ég að byrja að ríma

Tíminn er að fljúga í burtu
Heima mun ég þurfa að fara í sturtu
Eitt sem ég sá ekki fyrir mér
Tilbúið ljóð á blaði stendur hér

Arnar Freyr Brynjarsson, 9. bekk Sæmundarskóla

Tilfinning

Ég sé ekkert nema hlekki.
Veit ekki hvar ég er.
Mig langar bara í styrk Guðs.
Langar að líða vel.
Hef ekki fundið tilfinningu
í mörg ár.
Mig langar bara að týnast
og fara í andlát.

Hákon Örn Elísabetarson, 8. bekk Brúarskóla

Pælingar pælara

Hvað ef að allir í heiminum myndu baka saman köku
og ef allir íbúar hans myndu byrja að klappa?
Myndi kökuilmurinn halda fyrir okkur vöku,
væri skrítið ef við færum öll að rappa?

Hvað kom fyrir alla sokkana?
Fóru þeir í bíó?
Hvað eru þeir að reyna að afsanna?
Að við sokkarnir séum gott tríó?

Ef ég byggi með mönnum í Múmíndal
yrði mín ekki saknað,
veisla haldin í bíósal,
af þessum draum gæti enginn vaknað.

Hvaðan kemur vestanrok?
Því ekki er það að sunnan.
Þá eru þau komin, vikulok
og þá fyllist sorptunnan.

Hún væri flott í stofuna,
þessi tóma hilla.
Þegar ég hugsá út í geymsluna
líður mér hálfilla.

Hvað ef ég er upptekin
þegar heimurinn springur?
Er einhver dagsetning frátekin,
kæri heimsendisfræðingur?

Pælingar fljúga um minn hug sem rakettur,
er ég með eldflaugaóþol?
Hugur minn er af pælingum samsettur,
draumum sem mynda óendanlegt svarthol.

Alda Örvarsdóttir, 10. bekk Austurbæjarskóla

Kyndilberar

Mæður okkar og bræður hafa talað það í margar aldir
forfeður okkar í torfbæjunum faldir
þreyttir, svangir, blautir og kaldir
dreifðu huganum með sögum og ljóðum, kvaldir

Málið stytta þó stundir, var ljós í þeirra eynd
húslesturinn, tengingin og samverustundin
tungan ávallt veitti frá harðindunum gleymd
Um stundarsakir
hurfu allra hrakir

Íslendingasögur, þjóðsögur, brandarar og ljóð
þar sem hetjur, víkingar, tröll og álfar lifna við
þar sem sögurnar segja frá lands okkar slóð
forverum og goðsögnum, hlið við hlið

Horfumst í augu við
raunveruleikann þunga
þurfum að viðhalda okkar sið
svo hverfi ekki okkar tunga

Hví?
Því
hver annar?
Það er í okkar höndum
gerlegt ef við saman stöndum
um það vörð
eftir þörf

Fyrir þá sem voru
eru
og einnig ókomna
hluti af mér
hluti af þér
hluti af okkur

Það er orðið að lensku
að grípa gjarnan í önnur mál
þá sér í lagi ensku
afdrifaríkt fyrir vora þjóðarsál

Kyndilberar tungumálsins erum
fædd til að heiðra málið og sögu þess
ábyrgð sem við á herðum okkar berum
Bless!

ást er orð sem að má dást
sem ég vil helst ekki við fást
en ég vil heldur ekki þjást
því eitt sinn ég þér illa brást

ég vil bara alls ekki slást
já þetta er einhverskonar ást
þú hefur þá mikið við að kljást
ég elska þig bara eins og sást

ástin mín er ástin þín
ó trú mín
svo svakalega þröngsýn
og skammsýn

Finnbogi Birkis Kjartansson og Mattías Aron Statkevicius, 8. bekk Kópavogsskóla

Blað og penna

einn daginn tók ég upp blað og penna
ég ætlaði að skrifa um það sem lét sjálfstraust mitt brenna
en það var eitt vandamál, ég var ekki viss
voru það þessir hlátrar og fliss?
voru það fallegu stelpurnar sem ég sá í símanum mínum?
voru það ljótu orðin sem komu út úr munni þínum?

hvað sem það var er ekki hægt að taka þetta til baka
og því er ekki hægt að neita því eða afsaka
það sem hefur verið sagt og gert er búið
ég verð aldrei sú sama, það er ekki aftursnúið.

Inda Marý Kristjánsdóttir, 9. bekk Grunnskóla Vestmannaeyja

Hávær

Þegar ég var yngri var hávær fyrsta orðið sem var notað til að lýsa mér
þú getur rétt svo ímyndað þér
munnur minn var eins og haf af orðum
þangað til að ég þurfti að binda hann saman með fínum borðum

Það eina sem ég vildi var að einhver myndi hlusta á mig
eins og að ég hlustaði á alla, jafnvel þig
ég trúði því ef ég myndi tala nógu lengi
þá kannski bara, örlitla hjálp ég fengi

nú hef ég lært að rödd mín er gjöf
ég mun halda áfram að masa þangað til að ég leggst í gröf
leiðir lífsins eru flóknar þegar maður skilur ekkert í þeim
og ef ég kalla ekki á aðstoð, hvernig rata ég heim?

Inda Marý Kristjánsdóttir, 9. bekk Grunnskóla Vestmannaeyja

Endalok

Allir þig þekktu, og allir þig dáðu,
en allt kemur að lokum.
Ekkert líkt því sem þeir spáðu,
og nú málar hann þig, í fáeinum strokum.

Þórunna Martha Pálmadóttir, 8. bekk, Húnaskóla Blönduósi

Gröfin

Undir þessu tré, þar ertu grafin.
Þar liggur þú allt árið um kring.
Á veturna er gröf þín skafin,
og á sumrin myndast þar lyng.

Þórunna Martha Pálmadóttir, 8. bekk, Húnaskóla Blönduósi

Ég var lítið blóm

Ég var lítið blóm í beði,
þú laðaðist að mér.
Ég fyllti þig af gleði,
en ég sá illsku í augum þér.

Ég hélt þú gæfir mér hrós,
gæfir mér vatn
eða sólarljós.
En þú tókst mig upp
með þínum hræðilegum klóm.

Þú meiddir mig,
þú særðir mig.
Bara af því þér fannst ég áhugaverður.
Svo leiddist þér ég,
þá léstu mig falla á jörðina.

Ég visnaði hægt og rólega.

Óskar Sólberg Róbertsson, 9. bekk Húnaskóla Blönduósi

Heimili

Fjórir veggir og þak er ekki heimilið mitt,
eins og margir kallar húsið sitt.

Heimilið mitt er staður sem ég get fundið að nýju,
þar sem ég finn öryggi og hlýju.

Heimilið mitt er fjölskylda mín og dýr,
og allt sem í þeim býr.

Saman erum við sterk,
og getum gert okkar verk.

Það er heimilið mitt.
En hvað er heimilið þitt?

Bella Lind Stenlund, 8. bekk Húnaskóla Blönduósi

1.

Hvernig gengur
Mig langar ekki að vera hér
Ertu ekki alveg örugglega tengdur
Talaðu barn, svei mér
Ertu búin að missa málið drengur
Ertu hér
Þú ert nú ekki algengur
Hvað er að þér
Vill engin tala við mig lengur

2.

Ég heyrði að þú hafir lent í slag
Já það gerðist eftir þetta skólafag
Ég óttaðist um þinn hag
Af hverju þurfti þetta að gerast í dag

3.

Þú nuddar alltaf salti í sárið
Það sem þú hefur sagt allt árið
Þarna rann seinasta tárið
Ég vildi óska að ég hefði bara farið

4.

Ég þarf að fara
Hætta að svara
Hætta að stara
Hætta að hlera
Skilja - og láta þig vera

5.

Besta sem kom fyrir mig
Var að fara frá þér
Veit það særði þig
En það er best ég haldi mig hér

Stefana Björg Guðmannsdóttir, 10. bekk Húnaskóla Blönduósi

Skipið

Skip eitt
sigldi inn
í flóann.
Ó, lóan -
fuglinn
kom fljúgandi
um borð.
Lóan kom
og talaði,
hún sagði:
Það er komið vor.

Hlynur Örn Ólason, 8. bekk Húnaskóla Blönduósi

Stelpur eru rusl

Sumir strákar halda að stelpur séu eins og rusl.
Þeir halda að þeir geti bara notað okkur og hent.
Stundum finnst stelpum að þær séu eins og gler í augum stráka.
Því þegar strákar fara brotna stelpur í tvennt.

Strákar halda að það sé létt að vera stelpa,
En þeir vita ekki hvað stelpur þurfa að fara í gegnum.
Stelpur vilja að strákar reyni að labba í þeirra sporum,
þegar strákar taka fyrsta sporið – þeir detta.

Natalía Rán Skúladóttir, 8. bekk Húnaskóla Blönduósi

Týndur

Hausinn falinn bakvið skjáinn
Ég er að drukna, ætli ég sé dáinn?
Segir eitt rangt og allir snúa baki við þér
Mamma segir: „þú veist að ég er alltaf hér“
Flestir skilja ekki hvað ég geng í gegnum
Sjálfsmyndin farinn niður af veggnum
Allt alltof mikið í gangi
Brotna niður enda í mömmu fangi
Raddirnar hækka og hækka
Vinunum fer að fækka og fækka
Allir í kringum mig að breytast
Eftir smá pásu er að leitast
Þunglyndur sit heima
Á erfitt með að gleyma
Hversu illa mér líður
Heimurinn andstæðan við blíður

Árni Tómas Ingólfsson, 9. bekk Kerhólsskóla

Án þín

Fallega brosið sem ég þrái,
það hjarta sem ég allra mest dáí.
Í hjartað fæ ég stundum verki,
og verð því sjálf að spurningarmerki.
Allt er gott sem endar vel,
líf án þín verður eins og stormur og él.

Aníta Lind Heiðarsdóttir, 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Símafrí

Í skólanum mínum er símafrí
en ég vil bara sumarfrí,
sumarfrí og jólafrí eru mun betri en
símafrí.

Aron Óli Ödduson, 8. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Ljós í myrkrinu

Tunglið kenndi mér
að það er ennþá ljós
í myrkrinu.

Sigurlaug Sturludóttir, 9. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Bara við

Við saman, bara við,
bara þú og ég.
Stöndum hlið við hlið.
Gerðu það, vertu hér.
Hugsunin er bara um þig,
þú verður að trúa mér.
Ég spyr mig stundum hvernig?
En farðu ekki frá mér,
ég vil bara vera fyrir þig.
Elskan, trúðu mér.

Natalía Perla Kulesza, 10. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar

Ísbjörn á Spáni

Það kom skúta til Grænlands
til að taka upp stutt myndband
En þegar skútan lagðist að
þá kom ísbjörn og fann sér stað

Siglandi lengi yfir hafið djúpt
svalandi loftið var svo ljúft
Hann fór og fékk sér smá blund
þar til að það kom dagstund

Þegar hann opnaði augun
gerði hann smá athugun
Ekkert var eins og áður
aðeins miklu hærra gráður

Núna kominn til Spánar
Reynir að skoða nánar
Þetta er allt öðruvísi staður
en hann er samt nokkuð svalur

Kristín Ásta Sigtryggsdóttir, 9. bekk Laugalækjarskóla
